

Fundargerð 32. fundar ferðamálaráðs - 16. október 2009

Fundurinn var haldinn í iðnaðarráðuneytinu kl. 8:30.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Dagur B. Eggertsson, Dóra Magnúsdóttir, Helgi Már Björgvinsson, Pétur Rafnsson og Sævar Skaptason. Einnig Helga Haraldsdóttir sem ritaði fundargerð. Einar Karl Haraldsson, Gunnar Sigurðsson, Jón Ásbergsson og Ólög Ýrr Atladóttir boðuðu forföll.

1. Fundargerð 31. fundar ferðamálaráðs. Samþykkt.

2. Vinna við 2. áfanga rammaáætlunar á vegum faghóps II um áhrif einstakra virkjunarkosta á ferðaþjónustu, útivist, landbúnað og hlunnindi.

Anna G. Sverrisdóttir formaður faghóps II kynnti störf hópsins og þær fjölmörgu virkjunarhugmyndir sem uppi eru um allt land. Vinnu við 2. áfanga rammaáætlunar lýkur í lok árs 2009. Faghópurinn setti fram í ferðbúar s.l. fyrirvara um að rannsóknir skorti til að meta þarfir ferðaþjónustunnar. Fyrirvarinn er eftirfarandi: Mikill skortur er á þekkingu á ýmsum þáttum ferðaþjónustunnar og hlunninda sem gerir faghópi 2 erfitt fyrir með að sinna hlutverki sínu við mat á áhrifum virkjana á þessa þætti. Hópurinn telur því æskilegt að auka þekkingu á þeim viðföngum sem hópnun er ætlað að leggja mat á og óskar eftir því að úr því verði bætt. Í ljósi þessa vill hópurinn leggja áherslu á að skoða verður niðurstöður hópsins m.t.t. þeirra takmarkana sem fyrirliggjandi gögn og tímarammi setja matsferlinu.

Ráðsmenn fögnuðu þessari áhugaverðu kynningu og urðu miklar umræður um málið; m.a. skort á rannsóknunum til að ferðaþjónustan geti metið hvaða svæði er nauðsynlegt að vernda. Þá var rætt um ábyrga nýtingu svæða, væntanlega landnýtingaráætlun og hagræn áhrif ferðaþjónustu.

3. Umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu til uppbyggingar áningarstaða ferðamanna og eflingar ferðaþjónustu

Ólafur Örn Haraldsson, formaður nefndar fjármálaráðherra mætti á fundinn og gerði grein fyrir skipunarbréfi nefndarinnar og sagði að nefndin væri að skoða brottfarargjald, gjald á allan atvinnurekstur, gjald á fyrirtæki í ferðaþjónustu og aðgangseyri. Nefndin myndi fá til sín fulltrúa helstu hagsmunaaðila. Formaður gerði grein fyrir þeim sjónarmiðum sem ferðamálaráð hefur sammælt um í umfjöllun sinni um gjaldtöku og fjármögnun almennagæða.

Rætt var um þau miklu gjöld sem fyrir eru á ferðaþjónustuna t.d. flugvallarskattinn sem skilar 2 milljörðum til uppbyggingar flugvalla um allt land. Einnig að greinin skili 150 milljörðum á ári og því mikið áfall ef eftirspurn minnkaði t.d. um 10% vegna aukins kostnaðar.

Formaður lagði áherslu á að hvaða leið sem verði valin þá sé grundvallaratriði að gjaldið nýtist ferðaþjónustunni alfarið.

4. Samstarfsverkefni í markaðsmálum okt.-des. 2009

Jón G. Borgþórsson forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálastofu kom á fundinn og gerði grein fyrir þeim samstarfsverkefnum til markaðssetningar Íslands haustið 2009 sem samþykkt hefur verið að ráðast í. Alls bárust 20 umsóknir og voru valin 6 verkefni að heildarfjárhæð um 170 milljónir króna. Öll verkefni snúast um kynningu í formi auglýsinga í prentmiðlum og/eða á vefnum á því tímabili sem um ræðir og uppfylltu einnig önnur þau skilyrði sem fram komu í auglýsingunni um verkefnið. Fundarmenn fögnuðu niðurstöðum en spurðust fyrir um hvernig yrði háttáð mati á árangri af verkefnum og gerðu athugasemdir við að tímarammi verkefna, sem

skv. auglýsingu átti að einskorðast við tímabilið okt.-des. 2009, virðist ekki hafa verið að fullu virtur af úthlutunarnefndinni.

5. Fjárlagafrumvarp 2010 – ferðamál.

Helga Haraldsdóttir, skrifstofustjóri iðnaðarráðueyti fór yfir framlög til ferðamála í fjárlagafrumvarpinu. Spurst fyrir um einsaka liði.

6. Önnur mál.

Talað um að það þyrfti að koma fram á áberandi hátt hve vel hefur gengið í sumar. Eins virðast október og nóvember ganga framár vonu,
Rætt að skipunartími ráðsins renni út í árslok og fari störfum þess í núverandi mynd að ljúka.

Fundi slitið kl. 10:20. Næsti fundur ákveðinn síðar.